

# Minnisblað

Til:  
Frá: Axel Rodriguez Överby  
Dags. 6. mars 2017  
Mnr. 2017030014



ÍSAFJARÐARBÆR

## Minnisblað - stílsnið.docx

Birkir Þór Guðmundsson sækir um framkvæmdaleyfi fyrir Kaldárvirkjun í Önundarfirði. Um er að ræða 600 kW rennslisvirkjun í Kaldá í Önundarfirði. Framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdarleyfi Ísafjarðarbæjar skv. 13. grein skipulagslaga nr. 123/2010 og framkvæmdaleyfisreglugerð nr. 772/2012 og leyfi orkustofnunar skv. 4. gr. raforkulaga nr. 65/2003 og heimild Fiskistofu í samræmi við 33. grein laga 61/2006 um lax- og silungaveiði.

- Unnið er að samningi við orkustofnun með vísan í 4. gr. raforkulaga nr. 65/2003 og heimild fiskistofu í samræmi við 33. grein laga 61/2006 um lax- og silungaveiði.

Í samræmi við 6. gr. laga 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram að hálfu framkvæmdaraðila við tilkynningu og umsagnir. Á grundvelli þeirra gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð virkjun í Kaldá er ekki líkleg til þess að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif með tilliti til eðlis framkvæmdar, staðsetningar og hugsanlegra áhrifa hennar.

Skipulagsstofnun staðfesti breytingu á Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2008-2020 10.08.2016 þar sem gert er ráð fyrir vatnsaflsvirkjun við Kaldá í Önundarfirði. Deiliskipulag fyrir Kaldárvirkjun var auglýst frá 25.08.2016 til 14.10.2016 og samþykkt í sveitastjórn 15.05.2016. Skipulagsstofnun heimilaði auglýsingu í B tíðindum þann 16.11.2016.

Gengið hefur verið frá samningum við landeigendur og fyrir liggur lóðaleigusamningur lóðaleigusamningur milli AB-Fasteigna sem leigutaki og Bændur ehf. og Halldórs Mikkaelssonar.

- **Helstu magntölur**
  - 150 m<sup>2</sup> inntakslón inntaksstífla mun standa í 162-165 m.y.s.
  - Stífla steipt hámark 18 m að lengd og 3 m á hæð
  - Fallpípa 400 mm þvermál, lengd 1130 m grafín í jörðu.
  - Skurður fallpípu 1.4 m breiður og 1.8 m djúpur.

Á framkvæmdartíma er gert ráð fyrir vegslóða frá Flateyraryrvegi að inntakslóni, gert er ráð fyrir að vegslóði verði fjarlægður þegar virkjun hefur verið gangsett og fyrri ásýnd lands endurheimt að eins miklu leiti og kostur er.

Stöðvarhús verður staðsett austanmegin við Kaldá í 50 m fjarlægð frá strönd Önundarfjarðar fjarlægð frá ánni er um 10-20 m. Stærð stöðvarhúss er áætluð 70 m<sup>2</sup> og er byggingaleyfisskyld.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að framkvæmdaraðili og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktillögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.

### **Skilyrði Ísafjarðarbæjar við útgáfu framkvæmdaleyfis.**

Ísafjarðarbær skilyrðir framkvæmdaleyfi við þau gögn sem fyrir liggja fyrir og unnið verði skv. Aðalskipulagi og deiliskipulagi framkvæmdarsvæðisins. Komi til breytingar á framkvæmdum skal skila inn uppfærðum uppdráttum sem sýna frávik og breytingar.

Komi til rasks á fornminjum skal liggja fyrir leyfi Minjastofnunar með vísan í lög80/2012 um menningarminjar.

Leyfi Fiskistofu þarf að liggja fyrir í samræmi við 33. grein laga 61/2006 um lax- og silungaveiði áður en framkvæmdir hefjast.

Að frágangur við verklok verði skv. verklýsingu að gróðurrof verði lagfært með uppgræðsluáðgerðum.